

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 27. september 2019.



23. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Una Hildardóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir ritaðu fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Edvard H. Huijbens (á fjarfundi), Elín Oddný Sigurðardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir (á fjarfundi), Rúnar Gíslason, Ragnar Karl Jóhannsson, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé (þingflokkur), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm (UVG), Þóra Elfa Björnsson (EVG).

F.h. Starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson og Lís Kristjánsdóttir.

Fundur settur kl. 15:17.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundargerðar lögð fram.
Fundargerð samþykkt.
2. Ritstjórn kynnir vinnu sína með stefnur og ályktanir fyrir landsfund Edward fer yfir innkomnar ályktanir og stefnuvinnu málefnaþópa. Edward og Álfheiður gera grein fyrir vinnu ritnefndar við frmakomin drög að stefnum og ályktunum. Álfheiður, Hreindís Ylva, Ingibjörg Þórðar, Anna Guðrún og Una fylgdu vinnu málefnaþópa við stefnur úr hlaði. Samþykkt að stjórn sendi ályktun um menntamál innflytjenda inn á landsfund. Greinagerð um aðgerðaráætlun gegn einelti og kynbundnu ofbeldi á heima í aðgerðaráætluninni sjálfri en ekki inni í stefnunni, hún verður því tekin úr stefnunni. Stjórnarskrárhópurinn mun skila af sér ályktun um stjórnarskrármál. Ákveðið að hafa samgönguhóp á landsfundi þar sem margar ályktanir fjalla um samgöngur.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum kl. 16.00 og tekur að sér ritun fundargerðar.

Einnig rætt um mikilvægi þess að umhverfishópur yfirfari þær ályktanir sem snúa að umhverfismálum fyrir landsfund. Ritstjórn hefur lagt til orðalagsbreytingar og sameiningar ályktana sem hún verður að vinna áfram fram að landsfundi í samráði við tillöguflytjendur. Elín Oddný og Lísu munu senda hópstjórum upplýsingapóst í aðdraganda landsfundar í samráði við ritstjórn um meðferð ályktana og stefna ásamt vinnunni á landsfundi. Gögn verða sett inn á vefinn í dag.

3. Ársreikningur 2018 lagður fram til samþykktar og undirritunar.
Björg Eva Erlendsdóttir kynnir ársreikning. Umræður um reikningin.
Reikningur samþykktur samhljóða og lagðir fram til undirritunar.
4. Lokadrög að dagskrá landsfundar kynnt.
Katrín Jakobsdóttir fer yfir lokadrög að dagskrá landsfundar.
Drög að dagskrá landsfundar samþykkt.
5. Umgjörð landsfundar.
 - a) Starfsmenn
Fundarstjórar; Steingrímur J. Sigfúsdóttir, Lárus Ástmar Hannesson, Gyða Dröfn Hjaltadóttir (UVG) og Líf Magnedudóttir
Fundaritarar; Egill Árnason, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Ásrún Ýr Gestsdóttir (UVG), og Ragnar Karl Jóhannsson.
Kjörbrefanefnd; Daníel Arnarson, Hermann Valsson, Sóley Björk Stefánsdóttir.
Ritnefnd; Álfheiður Ingadóttir, Einar Ólafsson, Edward Huijbens.
Kjörnefnd; Bjarki Þór Grönfeldt (starfsmaður), Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir; Elías Jón Guðjónsson, Hólmfríður Árnadóttir, Leifur Valentín Gunnarsson.
 - b) Skráningar - landsfundarfulltrúa.
Listar með landsfundarfulltrúum hafa verið samþykktir í fimm félögum.
Önnur félög skila á næstu dögum.
 - c) Kynning – vinna með kynningarefni f. samfélagsmiðla s.s kubba og myndbönd. Verið að undirbúa það.
6. Tímasetning síðasta fundar stjórnar VG 2017 – 2019.
Lagt til að síðasti fundur stjórnar verði föstudaginn 18. október kl. 15.00.

7. Gallup könnun, framhald.

Endurtekning Gallup könnunar ári eftir fyrri könnun. Ferlið verður verður einfaldað. Meira spurt um málefni og ferlið einfaldað. Undirbúningurinn á lokametrinum og könnunin lögð fyrir á næstunni og kynnt á síðasta fundi stjórnar.

8. Önnur mál.

- a.) Anna Guðrún ræðir um dýraflutninga og velferð dýra. Mikilvægt að taka á eftirliti með þessum málum. Telur brýnt að þingflokkur skoði þessi mál.

Fundi slitið kl.17.12.